


ÁRNI Á LEIÐ Á SKÁKMÓT



Árni er á leiðinni á sitt fyrsta skákmót og er orðinn allt of stressaður. Hann er að undirbúa sig í huganum um hvernig hann ætlar að bera sig að á þessu móti. Sumt af því sem hann er að hugsa með sjálfum sér er ekki nógu gott.

Merktu já við þær hugsanir sem þér líst vel á hjá honum og nei við þær sem þú telur ekki góðar.

Ef ég tefli við einhvern sem er yngri en ég, ætla ég að tefla hratt svo hann haldi að ég sé mjög góður.

1 Já Nei

Mér er allveg sama hvaða andstæðingi ég mæti, ég ætla að tefla á móti tafilmönnum á borðinu einn leik í einu sama hver andstæðingurinn minn er.

2 Já Nei

Ef ég tefli ekki byrjunina jafn hratt og andstæðingurinn minn þá sér hann hvað ég er lélegur og ég verð að passa mig á því.

3 Já Nei

Ég ætla halda höndunum að mér og draga andann djúpt tvisvar sinnum áður en ég leik, sama hversu augljós leikurinn er.

4 Já Nei

Ég ætla njóta þess að tefla og vanda byrjunina svo ég fái góða teflanlega stöðu.

5 Já Nei

Mér er allveg sama hvort ég vinn því aðalmálið er að skemmta mér og ég veit að ég læri mikið á þessu móti.

6 Já Nei

Áður en ég set mann út ætla ég alltaf að vera viss um að reiturinn sé öruggur fyrir manninn og finna reit fyrir hann í huganum áður en ég snerti manninn.

7 Já Nei

Þegar ég veit að ég er með unna skák mun andstæðingurinn minn gera allt til þess að finna einfalt mát á mig og ég verð að vera á varðbergi og ekki vera gráðugur.

8 Já Nei

Ég ætla að reyna gera heimaskítmát á þá sem eru yngri en ég og þá sem ég veit að eru ekki góðir í skák.

9 Já Nei

Veldu þér þrjár hugsanir sem þú ætlar að taka með þér í þitt skákmót.

Nr. Nr. Nr.

3

Ef ég þarf að hörfa með mann ætla ég alltaf að athuga alla reiti sem hann kemst áfram á og skoða síðan reitina til baka og velja besta reitinn til þess að setja manninn niður.

10 Já Nei

Ef ég missi mann ætla ég ekki alltaf að drepa mann samstundis á móti, heldur sjá fyrst hvort ég eigi betri leik.

11 Já Nei

Ef ég tapa drottningunni minni strax í byrjuninni ætla ég að gefa skákina og spara kraftana fyrir næstu skák og jafna mig í rögleightunum.

12 Já Nei

Ég ætla að bera virðingu fyrir öllum andstæðingum og ekki vanmeta neinn. Ég get unnið alla og tapað fyrir öllum.

13 Já Nei

Ég ætla nota tímann mjög vel og vera afar þolinmóður í sókninni

14 Já Nei

Ég veit að ég geri fullt af mistökum en ég ætla samt að reyna gera sem minnst af þeim.

15 Já Nei

Andstæðingurinn minn mun gera mistök og þá nýti ég mér þau.

16 Já Nei

Kóngurinn minn er mér mikilvægastur og ég verð að muna að passa upp á alla veikleika hjá mér áður en ég geri árás.

17 Já Nei

Skákin er ekki búin fyrr en hún er búin.

18 Já Nei

Aðal andstæðingurinn minn á þessu móti er ég sjálfur.

19 Já Nei

Ef ég er kominn með kolunna skák þá verð ég að passa mig á að gera ekki patt. Gera alltaf skák á kónginn þangað til ég finn út mátið.

20 Já Nei

Mikilvægasti leikurinn á borðinu er alltaf síðasti leikur andstæðingsins.

21 Já Nei